

Til aðila með ársskilamáta vegna ársins 1996

Hjálagt fylgir virðisaukaskattskýrsla vegna uppgjörstímabilsins 1996 með gjalddaga 17. mars n.k.

Greiðsluskýrslu skal skila, ásamt greiðslu, til inntumanna ríkissjóðs, banka, sparisjóða eða pósthúsa.

Inneignarskýrslu skal skila beint til skattstjóra, ásamt ljósriti af ársreikningi eða stöðluðu rekstrarframtali vegna tekjuársins 1996. Ef umrædd gögn fylgja ekki skýrslu getur gjaldandi búist við því að skattstjóri hafni skýrslunni og áætli virðisaukaskatt.

Hjálagt fylgja orðsendingar nr. 2/1996 og 1/1997 og eru gjaldendur hvattir til að kynna sér efni þeirra.

Hjálagt fylgja jafnframt samanburðarskýrsla virðisaukaskatts RSK 10.25 og leiðréttingarskýrsla virðisaukaskatts RSK 10.26.

Samanburðarskýrsla er fylgigagn með skattframtali 1997 nema notast sé við staðlað rekstrarframtal við tekjuskattsuppgjör.

Leiðréttingarskýrslu skal skila þegar upplýsist um þörf á að leiðréttu fyrri skil á virðisaukaskatti eða ef breyting verður á forsendum ársskilamáta. Sjá nánari upplýsingar í orðsendingu nr. 1/97 og á bakhlið leiðréttingarskýrslunnar.

Nánari upplýsingar veitir virðisaukaskattsskrifstofa ríkisskattstjóra í síma 563 1112 og skattstjórar um land allt.